

Öryggi við notkun rúllustiga

Inngangur

Vinnueftirlitið skoðar árlega alla rúllustiga á Íslandi með tilliti til öryggis.

Almennt eru rúllustigar örugg tæki en með því að fylgja nokkrum einföldum leiðbeiningum má gera notkun þeirra enn öruggari.

Rúllustigar eru hannaðir þannig að þrepin í stiganum og handrið hans fara jafn hratt. Handriðin ná einnig út fyrir tröppurnar til að farþegar geti aðlagast hraðanum áður en þeir stíga í fyrsta þrep stigans.



Handriðin og stigin ferðast jafn hratt

1. Rúllustigar eru gerðir til að flytja fólk

Rúllustigar eru alls ekki gerðir fyrir farartæki á hjólum s.s. kerrur, hjólastóla og hjólabretti. Ekki má flytja stóra kassa og töskur eða annan fyrirferðarmikinn varning í rúllustigum.



2. Farið í og úr rúllustiga

Gætið þess að fara í réttan stiga, farið aldrei á móti þeirri átt sem stigin fer í. Gangið ákveðið í stigan og haldið í handriðið. Leggið aldrei töskur eða farangur á handriðin. Standið í miðri tröppu en ekki út til hliðanna. Stigið ákveðið og án hiks úr stiganum og frá honum til að gefa öðrum rými.



3. Treflar, bönd og skóreimar

Treflar, bönd, skóreimar og fleira þess háttar getur skapað hættu í rúllustigum. Gæta þarf varúðar ef fólk er í mjúkum skóm eða á mjóum hælum. Það getur verið stórhættulegt að fara berfóta í rúllustiga.

4. Þeir sem eiga erfitt með gang

Þeir sem ganga við staf eða hækjur eða eiga af einhverjum ástæðum erfitt með gang ættu að taka lyftu en ekki rúllustiga.



5. Börn

Leyfið aldrei börnum að leika sér í rúllustigum. Fullorðnir verða að halda á eða leiða ung börn í rúllustigum.

6. Gæludýr

Rúllustigar geta verið mjög hættulegir fyrir gæludýr. Aldrei á að fara með gæludýr í rúllustiga nema að halda á þeim.



7. Neyðarstopp

Við rúllustiga eru tveir neyðarhnappar til að stoppa þá; einn uppi og einn niðri.

Neyðarstopp

